



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## HEIÐURSVERÐLAUN Í BANDARÍKJUNUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hlaut í gær, mánudaginn 20. júní 2016, heiðursverðlaun bandarísku orkustofnunarinnar American Renewable Energy Institute (AREI) en hlutverk hennar er að auka nýtingu endurnýjanlegrar orku og taka þátt í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Verðlaunin voru nú veitt í þriðja sinn en áður hafa Jimmy Carter, fyrrum forseti Bandaríkjanna, og Ted Turner, stofnandi CNN, hlotið þessi heiðursverðlaun.

Verðlaunin voru veitt á degi endurnýjanlegrar orku, American Renewable Energy Day, og í tengslum við þing AREI stofnunarinnar sem haldið er í Colorado.

Í ávarpi af þessu tilefni sagði Sally Ranney, forseti AREI stofnunarinnar, að Ólafi Ragnari Grímssyni væru veitt verðlaunin fyrir forystu hans í að kynna sjálfbæra orku víða um heim og hvetja til aukinnar nýtingar hennar í krafti þeirrar reynslu og tækni sem Íslendingar hafa aflað sér á þessu sviði. Jafnframt væru verðlaunin veitt fyrir framlag hans til baráttunnar gegn loftslagsbreytingum.

21. júní 2016

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*